



Safnaðarblað Akureyrarkirkju

Af barna- og unglíngastarfi í vetur

Sunnudagaskólinn hefur vaxið og dafnað í vetur og er mæting mjög stöðug og góð en fjöldi fólks sækir sunnudagaskólann reglulega í viku hverri. Það er Sunna Dóra Möller og gleðigjafinn Hjalti Jónsson sem hafa haldið utan um sunnudagaskólann í vetur. Uppbygging til framtíðar í kirkjunni hefst með þessum stundum sem eru helgihald barnanna og því mikilvægt að halda vel utan um sunnudagaskólann og hlúa vel að því góða starfi.

Fjölskyldumessur eru einu sinni í mánuði yfir vetrartímamann og koma þá saman sunnudagaskólagestir og leiðtogar hans, prestar kirkjunnar, yngri barnakór Akureyrarkirkju og stjórnendur hans og eru þessar stundir afskaplega góður liður í helgihaldinu og hafa fjölskyldumessurnar verið vel sóttar í vetur. Fjölskyldumessurnar eru frábær vettvangur þar sem tónlistarstarfið og æskulýðsstarfið vinna saman og hefur útkoman verið afskaplega góð nú í vetur.

Hefðbundið kirkjustarf hefur verið á sínum stað í vetur en kirkjukrakkar (1.-4.bekkur) og TTT-starf (10-12 ára) á sinn fasta stað á miðvikudögum og hefur verið vöxtur í báðum liðum. En tæplega 20 börn sækja kirkjukrakka vikulega og um 12-15 stúlkur sækja TTT-starfið. Farið var á TTT-



Kirkjukrakkar.

Sumartónleikar

Sumartónleikar í Akureyrarkirkju verða að venju alla sunnudaga í júlímánuði og flytjendur eru ekki af verri endanum.

Þann 1. júlí mun Hjörleifur Örn Jónsson slagverksleikari halda einleikstónleika og þann 8. júlí mun Margrét Bóasdóttir söngkona og klarinettuleikararnir Sigurður Snorrason, Kjartan Óskarsson og Ármann Helgason flytja efnisskrá fyrir klarinettutrió og sópran. Þann 15. júlí munu svo organistar kirkjunnar, þau Eyþór Ingi



Sigurveggar HÆNU 2012.

mót á Ólafsfirði í nóvember og tóku 10 stúlkur þátt í því móti.

ÆFAK – æskulýðsfélagið gengur líka með miklum ágætum en það hefur verið í boði fyrir 9.-10. bekk í vetur. Um 15-20 unglíngar sækja æskulýðsfélagið vikulega. Farið var á eitt æskulýðsmót á Hrafnagili helgina 24.-26. febrúar sl. og gekk það afskaplega vel. Á því móti var hæfileika-keppnin HÆNA haldin í Akureyrarkirkju, en það er hæfileika-keppni Norður- og Austurlands fyrir ungmenni sem taka þátt í kristilegu æskulýðsstarfi. Sigurvegari HÆNU að þessu sinni var Þórkatla Haraldsdóttir en hún kemur úr æskulýðsfélagi Akureyrarkirkju og er líka í stúlnakór kirkjunnar. Hildur Dórothea var í þriðja sæti keppinnar en hún kemur líka úr æskulýðsfélagi Akureyrarkirkju. Tinna Hermannsdóttir hefur haldið utan um æskulýðsfélagið í vetur ásamt Sunnu Dóru. Einnig hafa komið að starfinu aðstoðarleiðtogar úr menntaskólahóp æskulýðsfélagsins.

Í sumar er komið að okkur hér í Akureyrarkirkju að taka á móti þátttakendum í ungmennaskiptum fjögurra Evrópulanda. Farið var með 15 ungmenni héðan úr Akureyrarkirkju til Finnlands síðastliðið sumar og gekk sú ferð í alla staði vel. Nú þegar hefur verið sótt um styrk til Evrópu

unga fólksins vegna verkefna sumarsins og hefur styrkurinn verið samþykktur. Að mörgu er að hyggja þegar tekið er á móti þessum fjölda ungmenna, þar sem þátttakendur eru 60 ásamt 8 leiðtogum sem koma saman í 11 daga í júlí 2012. Í kringum þetta samstarf hefur myndast hópur ungmenna á menntaskólaaldri sem hittist vikulega í kirkjunni og eru mörg þessara krakka leiðtogar í æskulýðsstarfinu. Þess má geta að Akureyrarkirkja átti stóran hóp aðstoðarleiðtoga á æskulýðsmóti á Hrafnagili 24.-26. febrúar síðastliðinn eða um 12 ungmenni. Þau lögðu til vinnu sína í sjálfbodastarfi og er þetta ein að þeim áherslum, sem eru mér svo hugleiknar í kirkjustarfinu að ala upp leiðtoga og veita þeim hlutverk. Þannig hefur okkur tekist að halda úti öflugum starfi ungmenna á framhaldsskólaaldri í kirkjunni og sækja um 15 ungmenni vikulega fundi, sem eru sannarlega gleðiefni, þar sem ekki hefur alltaf verið auðvelt að halda úti starfi fyrir menntaskólakrakka á kirkjulegum vettvangi. Þetta starf er því ákveðið grasrótarstarf sem hefur tekist vel upp. Þessi ungmenni hafa að auki komið inn í hefðbundnar messur sem sérstakur messuhópur.

Adrenalínstarfið hefur verið með breyttu formi í vetur en unnið var að uppsetningu á leiksýningunni, Jesus Christ Superstar, sem var frumsýnt í Rýminu 27. mars sl. Hefur þetta gengið með miklum ágætum. Sótt hefur verið um styrki í verkefnið og fengum við 400.000 frá Æskulýðssjóði Menntamálaráðuneytisins og er það von okkar að við fáum meira fjármagn inn í verkefnið áður en yfir lýkur. Þess má geta að nokkrir skólar bæjarsins þáðu boð um að koma í jólaheimsókn í kirkjuna, voru það bekkjardeildir sem komu ásamt allri unglíngadeild Hrafnagilsskóla. Einnig hefur verið nokkuð um heimsóknir leikskóla-



TTT-stelpur.



ÆFAK-hópurinn.

deilda og hafa nú á vorönninni 3 leikskólar heimsótt okkur þá í tengslum við afmælisár Akureyrarbæjar. Þær heimsóknir eru sannarlega gleðiefni.

Það er ljóst að æskulýðsstarfið í Akureyrarkirkju er viðamikil og það verður að vera það ef vel á að vera. Þessi upptalning hér að ofan er stutt yfirlit yfir það sem er í boði reglulega yfir vetrartímamann. Barna- og unglíngastarfið er framtíð kirkjunnar, í því byrjar vöxturinn og hann er nú þegar ríkulegur, það er sýnilegur vöxtur í starfi Akureyrarkirkju. Það er hér sem við kennum biblíusögurnar, söngvana, leiki og bænahald. Það er hér sem við mætum börnunum í þeirra aðstæðum, spjöllum við þau og sýnum þeim áhuga. Barna- og unglíngastarfið er mikilvægur hlekkur í forvarnastarfi Akureyrarbæjar, þar sem það nær til tiltölulega breiðs hóps ungmenna. Það tekur tíma að byggja upp og skapa traust og það er verkefni sem á að liggja þétt við hjarta hverrar kirkju og vera skilgreint sem kjarnaverkefni kirkjunnar á landsvísu. Það er stórt verkefni að vera hluti af því að byggja upp kirkju til framtíðar, sérstaklega á tímum þar sem kirkjan á í vök að verjast, þess vegna skiptir okkur svo miklu máli að sækja fram, sýna hvers við erum megnug og snúa vörn í sókn.

Það er sannfæring mín að geta okkar sem kirkju til að sinna börnum, unglíngum og fjölskyldufólki í landinu mun ákvarða hvort að kirkjan okkar heldur stöðu sinni sem meirihluta trúfélag í landinu á 21. öldinni. Öll uppbygging kostar peninga, en til framtíðar mun það fé sem varið er í þetta grundvallarstarf skila sér margfalt til baka í ánægðum sóknabörnum Þjóðkirkjunnar. Það er einlæg trú mín eftir að hafa starfað um árabil á vettvangi æskulýðsstarfs kirkjunnar að fjármunum og kröftum okkar sé vel varið í því að fjárfesta í framtíðinni. Þar er Akureyrarkirkja til fyrirmyndar. Tækifærin eru sannarlega til staðar, kirkjunni okkar til heilla og blessunar.

Sunna Dóra Möller.



Tónleikar allra kóra Akureyrarkirkju

Pann 11. mars sl. héldu allir kórar Akureyrarkirkju sameiginlega tónleika í kirkjunni. Þetta voru sannkallaðir stórtónleikar og viðeigandi að enda Kirkjuvikuna með þessum hætti. 6 kórar starfa á einn eða annan hátt við kirkjuna og í þeim eru rúmlega 200 söngvarar á aldrinum 7-80 ára.

Yngri Barnakór Akureyrarkirkju reiddi á vaðið og flutti með miklum glæsibrag 3 hressileg lög. Börnin gerðu afar lifandi og skemmtilegar hreyfingar við lögin og slógu svo sannarlega í gegn. Víst er að margir kirkjugestir þurrkuðu gleðitár úr hvörmum sínum við þennan flutning. Með kórnum spilaði hljómsveit hússins, í henni voru þeir Hermann Arason á gítar, Karl Hallgrímsson á bassa, Eyþór Ingi Jónsson á píanó og sóknarnefndarformaðurinn Rafn Sveinsson spilaði á trommur.

Eldri Barnakór Akureyrarkirkju tók við af þeim yngri og einkenndi afar fagaður söngur þeirra flutning. Með kórnum lék Dórothea D. Tómasdóttir á píanó. Stúlknakór Akureyrarkirkju söng þar næst, m.a. syrpu með afrískum lögum. Hljómsveit hússins spilaði með. Afar kraftmiklar raddir eru í stúlknakórnum og þær hafa mikið sjálfstraust og fallega framkomu. Kammerkórinn Ísold flutti þar næst tvær sykursætar



Allir kórar Akureyrarkirkju sungu saman á tónleikumum.

ballöður eins og honum er einum lagið. Kórinn stefnir á að gefa út plötu með slíkri tónlist á næstunni.

Hymnodia flutti tvö lög úr óperunni Dido & Aeneas, en kórinn mun einmitt flytja þá óperu í Menningarhúsinu Hofi 1. apríl nk. Í þessu atriði birtust létt híf- aðir sjómenn og glöddu þeir viðstadda. Sá kór sem ber mesta ábyrgð á söng innan kirkjunnar, Kór Akureyrarkirkju,

tók svo við og flutti hann tvö kraftmikil kórverk. Í kórnum eru 85 söngvarar og því mikill kraftur í söng þeirra. Kórinn er nú að undirbúa tónleika sem haldnir verða á föstudaginn langa í kirkjunni. Einnig er kórinn að fara í ferð til Finnlands og Rússlands í júní nk.

Að lokum sameinuðust allir kórarnir og fluttu fyrst sálminn Ó, Guð, ég veit hvað ég vil og svo kórverk

Akureyrarkirkju, Systir Sól og bróðir Máni, kórverk Gísla Jóhanns Grétars-sonar við texta Sr. Svavars Alfreðs Jónssonar. Kirkjan var þétt setin þennan sunnudag og afar ánægjulegt að heyra og sjá hvað kórastarfið í kirkjunni er fjölbreytt og kraftmikið. Stjórnendur allra kóra kirkjunnar eru þau Sigrún Magna Þórsteinsdóttir og Eyþór Ingi Jónsson.

Fermingarbörn í Akureyrarkirkju árið 2011

Laugardaginn 31. mars kl. 10:30.

Alexandra Guðný Berglind Haraldsdóttir, Ránargötu 27.
Almar Daði Björnsson, Kjarnagötu 16.
Bernóðus Óli Kristinsson, Sokkatúni 5.
Björn Kristinn Jónsson, Austurbyggð 14.
Harpa Jóhannsdóttir, Holtagötu 2.
Helga Sigríður Sigurðardóttir, Stóragarði 17.
Hrannar Ingi Halldórsson, Ránargötu 23.
Írena Rut Jónsdóttir, Heiðarlundi 8g.
Jakob Gísli Ágústsson, Kjarnagötu 16.
Jón Heiðar Sigurðsson, Háalundi 10.
Kári Ármannsson, Hlíðargötu 4.
Kristín Ása Sverrisdóttir, Grænumýri 8.
Ólöf Inga Birgisdóttir, Norðurgötu 1.
Ragnar Smári Ómarsson, Tónatröð 1.
Róbert Guðnason, Heiðarlundi 4a.
Tinna Björg Gunnarsdóttir, Dalsgerði 1j.
Þorbergur Erlendsson, Byggðavegi 134.

Pálmásunnudag 1. apríl kl. 10:30.

Alexander Kristján Sigurðsson, Tjarnarlundi 11c.
Anna Rakel Pétursdóttir, Hörpulundi 21.
Arnar Kjartansson, Heiðarlundi 21.
Berglind Björk Guðmundsdóttir, Bjarmastíg 10.
Briët Ósk Ólafsdóttir, Möðruvallastræti 7.
Dögg Rúnarsdóttir, Furulundi 17.
Freyja Feldskov Jannerup, Gyldenstens Vænge 93, 3600 Danmörk.
Frimann Benedikt Guðjónsson, Byggðavegi 136 nh.
Hermann Gunnarsson, Mosateigi 11.
Jón Ólafur Jónsson, Grundargötu 3.
Katla Þóll Þórleifsdóttir, Möðruvallastræti 6.
Klara Sif Magnúsdóttir, Stallatúni 6.
Óli Birgir Birgisson, Hrafnabjörgum 8.
Svana Rún Aðalbjörnsdóttir, Birkilundi 13.
Tara Lind Andrésdóttir, Grænegötu 6.
Thelma Rut Teitsdóttir, Stóragarði 14.
Þóra Kristín Karlsdóttir, Löngumýri 4.
Þóra Ólafsdóttir, Kristnesi 11.
Þórir Ingi Ármannsson, Heiðarlundi 6e.
Þórunn Eva Sigurbjörnsdóttir, Kleifargerði 5.

Laugardaginn 12. maí kl. 10:30.

Alexander Freyr Þorgeirsson, Fjölögötu 18.
Alfreð Aðils Sigurðarson, Stekkjargarði 4.
Baldur Stefán Baldursson, Norðurbyggð 1d.
Bjarki Guðjónsson, Stekkjargarði 9.
Brynjar Ingimarsson, Norðurgötu 52.
Brynjar Skjöldal Þorsteinsson, Hríseyjargötu 2.
Dagný Guðmundsdóttir, Ljómátúni 7.
Davíð Geir Oliverson, Ránargötu 19.
Elísabet Rósa Gunnarsdóttir, Birkilundi 1.
Friðbjörn Rúnar Jóhannsson, Tjarnarlundi 7a.
Gauti Snær Einarsson, Grenilundi 4.
Hulda Björg Hermannsdóttir, Hjarðarlundi 1.
Íðunn Árnadóttir, Stallatúni 4.
Margrét Steinunn Benediktsdóttir, Skólástíg 1.
Rökkvi Rögnvaldsson, Löngumýri 32 eh.
Sara Ísold Kristjánsdóttir, Kjarnagötu 38.
Sara Mjöll Jóhannsdóttir, Furulundi 4c.
Snorri Már Snorrason, Vanabyggð 10a.
Sunna Birgisdóttir, Klettagarði 1.
Sverrir Sævar Ólason, Mýrarvegi 116.
Vala Rún Sigurpálsdóttir, Vaðlatúni 24.

Laugardaginn 26. maí kl. 10:30.

Aðalsteinn Leifsson, Duggufjöru 2.
Aglá Arnarsdóttir, Helgamagrastræti 3.
Agnes Ögmundsdóttir, Möðruvallastræti 10.
Alexander Smári Kristjánsson Edelstein, Stallatúni 6.
Andrea Ósk Margrétardóttir, Lækjartúni 5.
Andri Snær Sævarsson, Beykilundi 9.
Anton Heiðar Erlingsson, Tjarnarlundi 13f.
Arney Líf Þórhallsdóttir, Jörvabyggð 10.
Aron Vignir Erlendsson, Akurgerði 1b.
Atli Fannar Franklín, Eikarlundi 24.
Atli Guðjónsson, Goðabyggð 6.
Birna Ösp Traustadóttir, Ránargötu 7.
Bjarni Ísar Thorarensen Bjarnason, Austurbyggð 9.
Daníel Ernir Þorsteinsson, Þrumutúni 8.
Diljá Ingólfssdóttir, Grundargerði 2d.
Guðrún María Skarphéðinsdóttir, Lækjartúni 2.

Hörður Breki Valsson, Skólástíg 13.
Ingunn Magnea Jónsdóttir, Hjallalundi 7g.
Júlíus Fannar Thorarensen, Brekatúni 19.
Karen Lind Arnardóttir, Hörpulundi 7.
Kormákur Breki Gunnlaugsson, Duggufjöru 12.
Róbert Helgi Jóseppsson, Holtateigi 1.
Sara Júlía Baldvinsdóttir, Hindarlundi 1.
Sara Sif Lúðvíksdóttir, Stórholti 11 eh.
Sigþór Gunnar Jónsson, Mýrarvegi 124.
Sólón Arnar Kristjánsson Edelstein, Stallatúni 6.
Stefán Einar Sigmundsson, Jörvabyggð 7.
Sævar Jóhannesson, Norðurgötu 42.
Trausti Hannesson, Skálatúni 12.

Hvítasunnudag 27. maí kl. 10:30.

Alexander Ívan Bjarnason, Sólvöllum 15.
Andrea Örvarsdóttir, Hamarstíg 34.
Arnhildur Guðrún Eyþórsdóttir, Goðabyggð 11.
Aron Ingi Heiðmarsson, Bakkahlíð 37.
Atli Már Bjarnason, Stekkjartúni 8.
Ásta Rakel Viðarsdóttir, Norðurgötu 53.
Brynja María Bragadóttir, Heiðarlundi 5b.
Gunnar Hrafn Halldórsson, Munkaþverárstræti 21.
Halldór Heiðberg Stefánsson, Álfabyggð 20 eh.
Jóhann Jörgen Kjerulf, Espilundi 14.
Jóhannes Stefánsson, Aðalstræti 30.
Júlíana Sól Sævarsdóttir, Víðivöllum 22.
Kolbrún Lind Malmquist, Grenilundi 5.
Kolfinna Frigg Sigurðardóttir, Helgamagrastræti 26.
Margrét Selma Steingrimsdóttir, Ásatúni 6.
Máney Nótt Steinþórsdóttir, Furulundi 2b.
Óðinn Freyr Heiðmarsson, Bakkahlíð 37.
Ragnheiður Pétursdóttir, Álfabyggð 13.
Rán Ringsted, Helgamagrastræti 2 nh.
Róbert Atli Didron, Grundargerði 2g.
Sigrún Harpa Baldursdóttir, Dalsgerði 5j.
Sóldís María Sigfúsdóttir, Dalsgerði 2b.
Steinar Ingólfsson, Ægisögötu 11.
Sunna Brá Valsdóttir, Eyrarlandsvegi 8.
Tinna Björk Sigþórsdóttir, Tungusíðu 16.

Laugardaginn 2. júní kl. 10:30.

Aron Elfi Gíslason, Birkilundi 6.
Árdís Marín Ingadóttir, Kjarnagötu 38.
Brynjar Helgason, Stallatúni 6.
Dagný Hlín Rafnsdóttir, Grundargerði 6c.
Erna Helgadóttir, Stallatúni 6.
Fannar Már Jóhannsson, Klettaborg 21.
Gígja Björnsdóttir, Jörvabyggð 3.
Guðný Vala Tryggvadóttir, Grænumýri 5.
Guðrún Björk Garðarsdóttir, Álfabyggð 18.
Haldrud Logi Jónsson, Hjallalundi 3g.
Hjörvar Sigurgeirsson, Beykilundi 8.
Hlynur Hreinsson, Tyttebærlia 8, 1405 Noregur.
Ingibjörg Íris Kristjánsdóttir, Löngumýri 18.
Jóhanna María Ásgeirsdóttir, Miðteigi 4.
Karen Alfa Rut Kolbeinsdóttir, Vanabyggð 19.
Magnús Geir Björnsson, Krókeyrarnöf 9.
Rún Árnadóttir, Engimýri 12.
Sigríður Lára Árnadóttir, Víðilundi 4d.
Silja Björk Blöndal, Þórunnarstræti 97.
Stefán Máni Ólafsson, Bjarkastíg 1.
Una Magnea Stefánsdóttir, Barðstúni 1.

Laugardaginn 2. júní kl. 13:30.

Ástrós Harpa Lindudóttir, Holtagötu 10.
Brynja Ploy Garðarsdóttir, Klettaborg 6.
Fanney Ísaksdóttir, Víðimýri 14.
Jóel Björgvinsson, Höfðahlíð 17.
Magni Þrastarson, Ránargötu 9.
Marías Bjarni Viggósson, Akurgerði 7e.
Snorri Már Óskarsson, Oddeyrargötu 5.
Stefán Hrafnkell Gunnlaugsson, Eikarlundi 17.
Sævar Helgi Viðisson, Heiðarlundi 7e.
Vény Skúladóttir, Litla-Garði.
Æsa Skúladóttir, Litla-Garði.

Laugardaginn 9. júní kl. 10:30.

Sylvia Diljá Skjöldal, Klettaborg 14.
Vilhjálmur Huldar Skjöldal, Klettaborg 14.



Barnastarf Akureyrarkirkju:

Söngur, gleði og gaman á lokahátíð

Lokahátíð barnastarfs Akureyrarkirkju verður haldin sunnudaginn 29. apríl kl. 11.00. Þar verður mikið um söng, gleði og gaman. Barnakórinn mun hita upp fyrir vortónleika sína með því að syngja nokkur lög, Leikfélagið Adrenalín sýnir atriði úr sínum vel heppnaða söng-

leik Jesús Kristus stórstjarna, hin efnilega Una Haraldsdóttir leikur á orgel, Þórkatla Haraldsdóttir og Hildur Dórothea Þórðardóttir, hæfileikabúnt, leika á gítar og að sjálfsgöngu verður mikill almennur söngur, hreyfisöngvar, bekkjakeppni, biblíusaga og fleira.

Að samveru í kirkju lokinni er boðið upp á grillaðar pylsur í Safnaðarheimilinu, trúðar gefa blöðrur og heilsa upp á krakkana og boðið verður upp á andlitsmálningu. Auk þess verður myndasýning í Safnaðarheimilinu frá starfi vetrarins. Umsjón hefur Sunna Dóra Möller, Hildur Eir Bolladóttir og Hjalti Jónsson ásamt leiðtogum í barnastarfi Akureyrarkirkju.

Þegar allir hafa snætt pylsur og fengið blöðru og málningu á andlitum er um að gera að skella sér aftur inn í kirkju því kl.13.00 hefjast Vortónleikar

barnakóra Akureyrarkirkju og eru þeir jafnframt lok barnakórstarfsins þetta starfsárið. Barnakórarnir hafa aldeilis slegið í gegn í vetur með söng sínum, dansi og líflegri framkomu og með þeim á tónleikunum mun Daníel Þorsteinsson leika á píanó af snilld. Aðgangur er ókeypis og allir áhugasamir eru hvattir til þess að mæta og hlýða á stórskemmtilegan tónlistarflutning þessara ungu tónlistarmanna undir stjórn Sigrúnar Mögnu Þorsteinsdóttur og Sigríðar Huldu Arnardóttur.

Krossferli að fylgja þínum

Sýning Jóns Geirs Ágústssonar stendur nú yfir í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju.

Efni þessarar sýningar er hluti af vinnu Jóns Geirs síðustu árin sem byggist á hugrenningum hans um krossaformið. Efniviðurinn er mismunandi trjátegundir, trjábörkur, hvaltönn, messing og sandsteinn. Einnig eru nokkur verk unnin úr timburafgöngum frá smíði Auðunnarstofu hinnar yngri og rauðum sandsteini úr Hólabyrðu.

Aðgangur er ókeypis og eru allir hjartanlega velkomnir.



Eitt af verkum Jóns Geirs Ágústssonar.

Miðnæturtónleikar á föstudaginn langa

Kór Akureyrarkirkju heldur miðnæturtónleika kl. 23.00 á föstudaginn langa, 6. apríl.

A efnisskránni er föstutónlist úr öllum áttum, kvöldtónlist og orgelverk eftir J.S. Bach.

Tónlistarfólkið mun skapa kyrrláta

stemmingu og því tilvalið að setjast niður og slaka á, lygna aftur augunum og njóta tónlistarinnar.

Einsöngvari á tónleikunum er Elvý G. Hreinsdóttir. Organisti og stjórnandi er Eyþór Ingi Jónsson.

Aðgangseyrir er kr. 2.000,-

Starfið í Akureyrarkirkju næstu vikurnar

Mars

Föstudagur 30. mars

Æfing fermingarbarna í kapelli kl. 16:00. (Pau sem fermast 31. mars).

Æfing fermingarbarna í kapelli kl. 17:00. (Pau sem fermast 1. apríl).

Laugardagurinn 31. mars

Fermingarmessa í Akureyrarkirkju kl. 10:30.

Apríl

Pálmásunnudagur 1. apríl

Fermingarmessa í Akureyrarkirkju kl. 10:30.

Skírdagur 5. apríl

Kyrrðar- og fyrirbenastund í Akureyrarkirkju kl. 12:00.

Föstudagurinn langi 6. apríl

Kyrrðarstund við krossinn í Akureyrarkirkju kl. 21:00.
Miðnæturtónleikar Kórs Akureyrarkirkju kl. 23:00.

Páskadagur 8. apríl

Upprisuhátíð í Akureyrarkirkju, hátíðarmessa kl. 8:00.
Páskablátur í Safnaðarheimilinu eftir messu.
Fjölskyldugudshjónusta kl. 11:00.
Gudshjónusta á Kjarnalundi kl. 14:00.

Annar í páskum 9. apríl

Hátíðarmessa í Minjasafnskirkju kl. 17:00.

Sunnudagur 15. apríl

Messa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.
Sunnudagskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Sunnudagur 22. apríl

Messa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.
Sunnudagskóli í Safnaðarheimilinu kl. 11:00.

Æðruleysismessa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

Sunnudagur 29. apríl

Fjölskyldugudshjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00, lokahátíð barnastarfsins.
Vortónleikar Barnakóra Akureyrarkirkju kl. 13:00.
Kvöldmessa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

Mái

Fimmtudagur 3. maí

Vorferð eldri borgara, nánar auglýst síðar.

Sunnudagurinn 6. maí

Messa í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Miðvikudagur 9. maí

Fundur með fermingarbörnum vorið 2013 og foreldrum þeirra í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

Föstudagur 11. maí

Æfing fermingarbarna í kapelli kl. 16:00. (Pau sem fermast 12. maí)

Laugardagur 12. maí

Fermingarmessa í Akureyrarkirkju kl. 10:30.

Sunnudagur 13. maí

Gudshjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.

Fimmtudagur 17. maí, uppstigningardagur

Messa í Akureyrarkirkju kl. 14:00.
Kaffiveitingar í Safnaðarheimilinu að messu lokinni.

Sunnudagurinn 20. maí

Gudshjónusta í Akureyrarkirkju kl. 11:00.
Vortónleikar Kórs Akureyrarkirkju kl. 17:00.

Föstudagur 25. maí

Æfing fermingarbarna í kapelli kl. 16:00. (Pau sem fermast 26. maí)
Æfing fermingarbarna í kapelli kl. 17:00. (Pau sem fermast 27. maí)

Laugardagur 26. maí

Fermingarmessa í Akureyrarkirkju kl. 10:30.

Hvítasunnudagur 27. maí

Fermingarmessa í Akureyrarkirkju kl. 10:30.

Annar í hvítasunnu 28. maí

Æðruleysismessa í Akureyrarkirkju kl. 20:00.

Föstudagur 1. júní

Æfing fermingarbarna í kapelli kl. 16:00. (Pau sem fermast 2. júní kl. 10:30)
Æfing fermingarbarna í kapelli kl. 17:00. (Pau sem fermast 2. júní kl. 13:30)

Laugardagur 2. júní

Fermingarmessa í Akureyrarkirkju kl. 10:30.

Fermingarmessa í Akureyrarkirkju kl. 13:30.

Fastir liðir

Mánudagar:

Sóknarnefndarfundir eru fyrsta mánudag hvers mánaðar.

Þriðjudagar:

Morgunsöngur í kapelli kl. 9:00.
Bænaslökun og jóga í Akureyrarkirkju kl. 12:10.
Æfing Kórs Akureyrarkirkju kl. 20:00-22:00.

Miðvikudagar:

Foreldramorgunn kl. 9:30-11:30.
Kirkjukrakkarar í kapelli kl. 15:00-16:00.
TTT í kapelli kl. 17:00-18:00.
ÆFAK í Safnaðarheimilinu kl. 20:00-21:00.

12 spora starf í Safnaðarheimilinu kl. 20:00-21:00.

Fimmtudagar:

Kyrrðar- og fyrirbenastund kl. 12:00.
Léttur hádegisverður í Safnaðarheimilinu eftir stundina.
Æfing yngri barnakórsins í kapelli kl. 15:00-16:00.
Æfing eldri barnakórsins í kapelli kl. 16:00-17:00.
Æfing Stúlknakórsins í Akureyrarkirkju kl. 16:00-17:00.